



# FRÉTTABRÉF

## Verkalýðsfélags Akraness

Mái 2013

Netfang: [vlfa@vlfa.is](mailto:vlfa@vlfa.is) • Heimasíða [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)



## Verkalýðsfélag Akraness í þína þágu

Þann 19. nóvember á þessu ári verða liðin 10 ár frá því ný stjórn tók við Verkalýðsfélagi Akraness eftir umtalsverð átök í félaginu eins og flestir félagsmenn muna. Þegar nýja stjórnin tók við var félagið nánast fjárvana og einnig í algerrri félagslegri kreppu. Til dæmis var félagssjóður rekinn á 3ja milljóna króna yfirdrætti. Það er skemmst frá því að segja að núverandi stjórn hefur tekist að byggja upp félagið jafnt fjárhagslega sem félagslega, en allir sjóðir félagsins standa mjög vel og á síðasta ári skilaði félagið rekstrarafgangi upp á tæpar 90 milljónir króna.

Vegna góðrar afkomu undanfarinna ára hefur núverandi stjórn bætt við styrkjum til félagsmanna, en styrkjum úr sjúkrasjóði hefur fjölgað um 10 frá því hún tók við og hefur stjórnin nú í hyggju að bæta enn frekar í réttindi félagsmanna. Eftir góða afkomu í fyrra ákvað stjórn félagsins að hækka fæðingarstyrkinn um 100%, úr kr. 35.000 í kr. 70.000 á hvern félagsmann. Ef foreldrar eru báðir í félaginu nemur styrkurinn kr. 140.000.

Nú verður enn bætt í, því frá og með 1. maí verður styrk vegna heilsufarsskoðunar breytt þannig að hann taki til fleiri þátta og auk þess er hámark hans hækkað. Nú er mögulegt að nýta hann til niðurgreiðslu vegna tannlækninga, auk annarra heilsufarsskoðana eins og ýmissa speglana, krabba-meinsskoðunar og skoðunar hjá Hjartavernd eins og verið hefur. Styrkurinn hljóðar upp á 50% af reikningi þó að hámarki kr. 20.000.


Það er einnig rétt að geta þess að á þessum 10 árum hefur réttindabarátta félagsins skilað félagsmönnum 200 milljónum þar sem reynt hefur verið að hafa af félagsmönnum hin ýmsu kjaraatriði. Þetta sýnir hversu mikilvægt það er að hafa sterkt og öflugt stéttarfélag á bak við sig

Stjórn félagsins er mjög umhugað um að félagsmenn njóti góðrar afkomu félagsins þegar vel árar, enda leggur stjórn og starfsmenn sig í líma við að vera það stéttarfélag sem þjónustar sína félagsmenn hvað best og verður hvergi hvíkað frá í þeirri baráttu.

### Verkalýðsfélag Akraness

sendir öllum félagsmönnum árnaðaróskir á baráttudegi verkafólks.

Stöndum vörð um réttindi okkar!



### Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Opíð er alla virka daga frá kl. 08:00 - 16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálm Birgisson, í síma 8651294.

### Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson  
formaður  
vilhjalmur@vlfa.is • 4309902

Björg Bjarnadóttir  
skrifstofufulltrúi  
bjorg@vlfa.is • 4309906

Dagbjört Guðmundsdóttir  
skrifstofufulltrúi  
dagbjort@vlfa.is • 4309903

Inga Maren Ágústsdóttir  
skrifstofufulltrúi  
inga@vlfa.is • 4309905

Kristín Björg Jónsdóttir  
starfsendurhæfingarráðgjafi  
kristin@vlfa.is • 4309904

### Fréttabréf Verkalýðsfélags Akraness

Nr. 16 • 9. árgangur • maí 2013

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness

Sími: 4309900 Fax: 4309901

Netf.: skrifstofa@vlfa.is

Ábm.: Vilhjálmur Birgisson

Umsjón: Björg Bjarnadóttir

Prentun: Prentmet Vesturlands

# Ávarp formanns

## Ógn við kjör starfsmanna stóriðja

Verktakavæðing stóriðjufyrirtækja er núna farin að ógna atvinnu og kjörum þeirra sem starfa í greininni. En á undanförunum árum hafa forsvarsmenn t.d. Elkem Ísland aukið verktakavæðingu sína svo um munar með slæmum afleiðingum fyrir þá sem starfa á athafnasvæði fyrirtækisins.

Það er lenska á íslenskum vinnumarkaði að ætíð þegar leita á hagræðingar og sparnaðar þá virðist það fyrsta sem kemur upp í huga stjórnenda að skera niður í ræstingu, mötuneyti og þvottahúsi. Þarna telja stjórnendur að ætíð sé að sækja mikla fjármuni til sparnaðar sem mér finnst í raun og veru vera grátbroslegt. Það er ugglaut á þessari forsendu að forsvarsmenn Elkem Íslands ákváðu þann 1. júlí 2009 að bjóða áður nefnd störf út og ISS tók yfir rekstur Fangs frá þeim degi. Þá barðist VLFA við að verja þau kjör sem þessir starfsmenn höfðu áunnið sér og var það m.a. gert með fyrirtækjasamningi við ISS, enda hefur það verið viðurkennt að störf í stóriðjum hafa verið langtum betur borguð heldur en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði.

Núna gerðist hins vegar sá sorglegi atburður að ISS kveðst ætla að gera skipulagsbreytingar hvað þessi störf varðar, og þá sér í lagi í mötuneytinu. Þessar breytingar hafa þær skelfilegu afleiðingar að 5 starfsmönnum í mötuneytinu var í síðustu viku sagt upp störfum og þar af voru t.a.m. tveir starfsmenn með mikla starfsreynslu, en annar var með 14 ára starfsreynslu í mötuneyti Elkem Ísland en hinn í 11 ár. Hinir þrír voru einnig með áralanga starfsreynslu hjá fyrirtækinu. Það er ömurlegt til þess að vita hvernig þessi verktakavæðing hefur leikið starfsmenn fyrirtækisins grátt á undanförunum árum, og er morgunljóst að félagið mun þurfa að beita öllum sínum kröftum til að verja kjör og atvinnuöryggi þeirra sem starfa á þessu svæði. Formaður vill ekki ætla forsvarsmönnum ISS að reyna að lækka hjá sér launakostnað með því að segja svona reynslumiklum starfsmönnum upp störfum, en þó er rétt að geta þess að með því að segja þessum starfsmönnum upp þá sparar ISS sér allt að 22% vegna þess að umræddir starfsmenn eru komnir á 10 ára launataxta. En að sjálfsögðu veltir maður því fyrir sér hvort þetta sé ein af ástæðunum, einfaldlega vegna þess að það á að ráða strax aftur í störf þeirra sem fengu uppsögn.

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir starfsmenn stóriðjufyrirtækja að standa þétt saman og berjast gegn verktakavæðingu stóriðjufyrirtækja með öllum tiltækum ráðum, enda er ljóst að verulega hættu er á að atvinnuöryggi og kjörum starfsmanna verði verulega ógnað ef þessi verktakastarfsemi fær að haldast óáreitt. Hér er um raunverulega hættu að ræða sem starfsmönnum og stéttarfélaginu ber að taka alvarlega.

Við forsvarsmenn Elkem Ísland og ISS vil ég segja, hafið þið skömm fyrir þessar aðgerðir ykkar. Og það gagnvart fólki sem er búíð að eyða sínum bestu starfsárum í þágu þessa fyrirtækis, enda er hér um úrvalsstarfsmenn að ræða og það geta allir starfsmenn Elkem Íslands sem hafa notið þjónustu þessara kvenna svo sannarlega vitnað um. Svona komum við ekki fram við íslenska launþega. Kæru félagsmenn, innilega til hamingju með daginn, baráttan mun halda áfram!

Vilhjálmur Birgisson



Vilhjálmur Birgisson,  
formaður VLFA

## Aðalfundur

Árlegur aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness var haldinn á Gamla Kaupfélaginu mánudaginn 29. apríl sl. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf, formaður fór yfir árskýrslu stjórnar og greindi frá því helsta sem stjórnir og starfsfólk fengust við á liðnu ári. Endurskoðandi félagsins fór yfir ársreikningana, en allir sjóðir skiluðu góðum hagnaði. Heildarhagnaður félagsins á árinu 2012 nam 87,7 milljónum sem er aukning frá árinu áður.

Góð afkoma þýðir að mögulegt er að gera ennþá betur í að bæta við og auka réttindi félagsmanna, m.a. styrki úr sjúkrasjóði og aðra þjónustu sem félagið veitir. Þó verður farið varlega í allar slíkar breytingar því efnahagsástandið er langt í frá stöðugt þótt reksturinn hafi gengið vel núna. Áframhaldandi fjölgun virkra og greiddandi félagsmanna er afar ánægjuleg og styður enn frekar við þær styrku stöðir sem félagið byggir á.

## Herjólfur

Félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness geta fengið ódýrari fargjöld með Herjólf. Afslátturinn nemur 40% frá fullu verði (bæði fyrir farþega og ökutæki) og gildir fyrir félagsmanninn og fjölskyldu hans.

Til að njóta afsláttarins þarf að bóka og greiða fyrir ferðina á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness, Sunnubraut 13 eða í síma 4309900. Þegar bókun hefur verið frágengin fær félagismaðurinn bókunarnúmer sem hann framvísar á afgreiðslustöðum Herjólf í Vestmannaeyjum, Landeyjahöfn eða í Reykjavík til að fá miða. Einnig er hægt að fá miðana senda í tölvupósti til útprentunar heima.

### Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness

sendir félagsmönnum  
baráttukveðjur  
í tilefni 1. maí.

Stöndum vörð um réttindi  
verkafólks!

## Trúnaðarmenn

Á hverri vinnustöð þar sem vinna að minnsta kosti 5 manns skal kjósa trúnaðarmann. Séu starfsmenn fleiri en 50 skulu trúnaðarmenn vera tveir. Trúnaðarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.

Trúnaðarmenn njóta samkvæmt lögum verndar gegn uppsögnum vegna starfa sinna og ganga fyrir í störf þurfi að koma til uppsagna. Trúnaðarmaður er tengiliður stéttarfélagins og starfsmanna og fulltrúi félagsins á vinnustað. Trúnaðarmaður á að reyna að leysa úr fyrirsprungnum félaga sinna og rannsaka umkvartanir þeirra ef þær varða félagslegan eða lagalegan rétt starfsmanna og nýtur stuðnings stjórnar og starfsmanna félagsins vegna þess.

Athugaðu hver er trúnaðarmaður á þínum vinnustað. Þurfi að kjósa nýjan trúnaðarmann veitir starfsfólk skrifstofu VLFA fúslega aðstoð við framkvæmdina. Athygli er vakin á því að eftir kosningu trúnaðarmanns þarf að tilkynna um kjörið til félagsins þar sem félagið þarf að tilnefna nýjan trúnaðarmann formlega.

## Orlofsuppbót

Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast vel með því að orlofsuppbót skili sér rétt. Orlofsuppbót skal greiða út þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á orlofsárinu eða eru í starfi í fyrstu viku í maí. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

Upphæð orlofsuppbótar er mismunandi eftir kjara-samningum, en helstu upphæðir eru sem hér segir:

• Almennur vinnumarkaður	kr. 28.700,-
• Samiðn	kr. 28.700,-
• Ríkið	kr. 28.700,-
• Sveitarfélög	kr. 38.000,-
• Elkem og Klafi	kr. 146.230,-
• Norðurál	kr. 151.284,-

## Vissir þú að...

...eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppbótar?



## Menntastyrkir



Með aðild sinni að Verkalýðsfélagi Akraness eiga félagsmenn jafnframt aðild að þeim starfsmenntasjóðum sem samið hefur verið um í kjarasamningum. Þessir sjóðir eru Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Sjómennt. Skrifstofa félagsins sér um umsýslu fyrir alla sjóðina og afgreiðir styrki til félagsmanna úr þeim.

Nú ber svo við að alger sprenging hefur orðið á þessum styrkjum því afgreiddum styrkjum fjölgaði um 48% á árinu 2012 miðað við árið á undan og upphæð afgreiddra styrkja er samtals 55% hærrí á árinu 2012 en árið 2011. Þetta eru afar góðar fréttir og alveg í takt við það átak sem gert hefur verið í kynningu á þjónustu félagsins á síðasta ári. Sú kynning hefur skilað sér í fjölgun félagsmanna sem er alltaf ánægjulegt, en það er ekki síður ánægjulegt að félagsmenn eru sífellt að verða duglegri að kanna rétt sinn hjá félaginu og nýta þér þá styrki og þjónustu sem býðst.

## Þórisstaðir



Í byrjun árs gerði orlofssjóður VLFA nýjan samning við Ferðaþjónustuna Þórisstöðum. Með samningnum er öllum félagsmönnum, mökum þeirra og börnum að 18 ára aldri heimill aðgangur að tjaldsvæðinu í landi Þórisstaða í Svínadal auk þess sem veiði er heimil í Þórisstaðavatni og Eyrarvatni (að undanskildu KFUM svæðinu og árstubbunum milli vatnanna) gegn framvísun félagsskírteinis.

Sú nýjung er í samningnum að nú geta tjaldgestir og gestir í bústöðunum tveimur í Svínadal spilað golf án endurgjalds þá daga sem þeir gista, gegn framvísun leigusamnings.

## Öskudagurinn

Á öskudaginn er skemmtilegur bragur á bæjarlífinu þegar alls konar fígúrir hlaupa á milli húsa og syngja fyrir bæjarbúa og fá sælgæti að launum. Á Sunnubrautinni var líf og fjör langt fram eftir degi og eftir því tekið að atriðin í ár voru sérstaklega vönduð og vel æfð. Það fór ekki á milli mála að krakkarnir eru afar metnaðarfull þegar kemur að búningum og söng og að sjálfsögðu var vel tekið á móti þeim þegar þau komu. Fleiri myndir er að finna á Facebook síðu VLFA og einnig eru nokkur myndbönd á You-Tube rás félagsins á slóðinni <http://www.youtube.com/user/vlfakraness>.





# Forskot á Félagavefnum

Ört stækkandi hópur félagsmanna notar Félagavef VLFA til að bóka orlofshús allt árið um kring, skoða punktastöðu og fylgjast með iðgjaldaskilum.

Þegar kemur að úthlutun orlofshúsa hafa þeir sem nota Félagavefinn ákveðið forskot á aðra umsækjendur, enda er þeirra sýn á laus hús nákvæmlega sú sama og sýn starfsmanna félagsins.

Um hádegisbil þann 6. maí tekur reglan „Fyrstir koma - fyrstir fá“ gildi, og þá er venjulega röð út úr dyrum á Sunnubrautinni þegar félagsmenn bóka þær vikur sem gengu af eftir endurúthlutun. Notendur Félagavefsins sleppa við röðina, þeir geta setið í þægindum heima hjá sér, bókað álitlega viku og greitt hana strax með korti.



Gjáin í Þjórsárdal

## Sumarúthlutun 2013

...helstu dagsetningar

15. apríl -	Fyrri úthlutun fór fram, allir umsækjendur fengu svarbréf í pósti (einnig er hægt að sjá strax inni á félagavefnum).
02. maí -	Eindagi fyrri úthlutunar, þeim vikum sem ekki eru greiddar á eindaga er úthlutað aftur. Leyfilegt er að breyta umsóknum og leggja inn nýjar umsóknir.
06. maí -	Endurúthlutun fer fram, þeir sem fá úthlutað fá það staðfest með bréfi.
06. maí - kl. 12:00	Fyrstir koma, fyrstir fá! Þeir sem fyrstir koma geta bókað lausar vikur (athugið að eftir eindaga endurúthlutunar getur lausum vikum fjölgað).
13. maí -	Eindagi endurúthlutunar.



Sólballurinn í Húsafelli

## Gistimiðar - Veiðikort - Útilegukort

...fyrir þá sem kjósa eitthvað annað en sumarbústaði



Orlofssjóður VLFA niðurgreiðir gistingu á Hótel Eddu og Fosshótelum til félagsmanna. Félagsmenn bóka sjálfir á hótelnunum, en taka fram að þeir muni greiða með gistimiða frá stéttarfélagi. Gistimiðarnir eru til sölu á skrifstofu félagsins á kr. 5.000 og einn orlofspunktur. Athugið að yfir sumartímann getur þurft tvo miða. Sölutímabil gistimiða á Edduhótel er frá maí til júlí. Sölutímabil gistimiða á Fosshótel er allt árið um kring.

Miðað er við að hver félagsmaður geti keypt fimm gistimiða á ári og eru þeir einungis ætlaðir til notkunar fyrir félagsmenn sjálfa.



Orlofssjóður VLFA niðurgreiðir einnig Veiðikortid og Útilegukortid til félagsmanna. Kortin eru til sölu á skrifstofu félagsins á um 50% af almennu söluverði, Veiðikortid á kr. 3.500 og Útilegukortid á kr. 8.000, auk þess sem einn orlofspunktur er dreginn af félagsmanni við kaupin. Sölutímabil er frá því kortin eru gefin út að vori og fram á mitt sumar.

Miðað er við að hver félagsmaður geti keypt eitt Veiðikort og eitt Útilegukort á ári og eru kortin ætluð til notkunar fyrir félagsmenn sjálfa.



**FOSSHOTEL**

## Stefna gegn Elkem



Verkalyðsfélag Akraness hefur ákveðið að stefna Elkem Ísland, þar sem innan athafnasvæðis verksmiðjunnar er verktaki daglega að störfum og njóta starfsmenn umrædds verktaka ekki þeirra kjara sem um er getið í kjarasamningi

Elkem Ísland. Forsvarsmenn Elkem hafa neitað að gera samkomulag við VLFA þar sem skýrt verði kveðið á um að verktökum sem starfi inni á svæðinu allt árið um kring séu tryggð þau kjör sem kveðið er á um í kjarasamningi Elkem, en þar er t.d. um að ræða færri dagvinnustundir á viku og mun hærri orlofs- og desemberuppþætur svo eitthvað sé nefnt.

Ef túlkun Elkem verður látin átölulaust og verktakar fá að vinna dagleg störf í verksmiðjunni án þess að þeir starfi eftir þeim kjarasamningum sem í gildi eru á svæðinu, þá er atvinnu og kjörum þeirra sem starfa í stóriðjum stórlega ógnað. Um leið gjaldfellir þessi verktakavæðing þá kjarabaráttu sem háð hefur verið á liðnum árum og áratugum og þann árangur sem náðst hefur varðandi bætt kjör í stóriðjunum.

Þessu verður mætt af fullri hörku og hefur formaður VLFA fundað með lögmanni félagsins og er undirbúningur að stefnu gegn Elkem Ísland fyrir félagsdóm í fullum gangi.

## Uppsagnir sjómanna



Miklar hagræðingar hafa staðið yfir hjá HB Granda en í febrúar tilkynnti fyrirtækið um uppsagnir 34 sjómanna þar sem fækka á frystitogurum og leggja meiri áherslu á vinnslu í landi, en launakostnaður í land-

vinnslunni er töluvert lægri. Vegna skemmdarverka í síðustu kjarasamningagerð tókst ekki að lagfæra laun fiskvinnslufólks eins og VLFA ætlaði sér, en þess í stað var samræmda launastefnan lögð yfir atvinnugrein sem hafði alla burði og getu til að greiða mun hærri laun en þar er gert.

Það er því þyngra en tárur taki að verða vitni að því að HB Grandi leiti hagræðingar í rekstri sínum á þennan hátt, og stjórn fyrirtækisins ákveði aðeins örfáum vikum síðar að greiða eigendum arð upp á 1,7 milljarða króna.

## Störf í stóriðju

Orðræðan um stóriðjuna hefur oft verið óvægin og ósanngjörn og á stóriðjan hér á landi undir högg að sækja hvað almenningsálitið varðar. Í vetur tók steininn úr þegar Norðurál á Grundartanga var sakað um að greiða ekki tekjuskatt hér á landi, þegar raunin er sú að fyrir utan ríki og fjármálastofnanir er Norðurál það fyrirtæki sem greiðir hvað hæst opinber gjöld. Þessi rögburður fékk góðan hljómgrunn hjá andstæðingum stóriðjunnar.

Skagamenn hljóta að geta verið sammála um mikilvægi stóriðjunnar fyrir okkur hér á Akranesi, en hjá Norðurali starfa 600 manns og afleidd störf eru um 1.000. Það er dapurlegt fyrir starfsfólk stóriðjufyrirtækjanna að þurfa stanslaust að lesa um og hlusta á neikvæða umræðu í garð þessara fyrirtækja.

Rétt að geta þess að laun og önnur kjaraatriði í stóriðjunum eru umtalsvert betri en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði, en verkamaður á vöktum sem hefur starfað hjá Norðurali í 3 ár er með í heildarlaun fyrir 184 vinnustundir 505.000 krónur á mánuði. Iðnaðarmenn á vöktum eru með 650.000 krónur í mánaðarlaun.

Þegar kemur að umræðu um tekjur þjóðarbúsins af stóriðjunni er nauðsynlegt að hafa það í huga að fyrir utan þau opinberu gjöld sem hún greiðir, þarf líka að taka það með í reikninginn að hærri laun starfsmanna þýða hærri tekjur fyrir ríki og sveitarfélög í formi staðgreiðslu og útsvars. Það vill því miður oft gleymast.

## Lögfræðipjónusta



Verkalyðsfélag Akraness er með samning um lögfræðipjónustu við Pacta lögmenn og er það Jón Haukur Hauksson, lögmaður stofunnar á Akranesi sem annast

þá þjónustu. Auk þess að veita starfsmönnum félagsins lögfræðiráðgjöf stendur félagsmönnum til boða fyrsta viðtal hjá lögmanni þeim að kostnaðarlausu. Félagsmenn sem vilja nýta sér þetta snúi sér til skrifstofu VLFA.


## Vissir þú að...

... skrifstofa félagsins er vinaleg og að þangað eru félagsmenn alltaf velkomnir? Við erum alltaf með heitt á könnunni fyrir félagsmenn sem líta við og vilja athuga rétt sinn, sækja um styrki eða bara ræða málin.

# Sérkjör og afslættir fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness

Félagsskírteini Verkalýðsfélags Akraness gildir sem afsláttarkort hjá fjölda fyrirtækja og þjónustuaðila á Akranesi. Þetta samstarf hefur gengið frábærlega og hefur mikill fjöldi félagsmanna notið góðs af þeim sérkjörum sem samstarfsaðilarnir bjóða.

Að sjálfsgöðu verður framhald á þessu samstarfi og nú hafa ennþá fleiri samstarfsaðilar bæst í hópinn.



## **Samstarfsaðilar Verkalýðsfélags Akraness eru:**

**Apótek Vesturlands:** 10% afsláttur af vörum í búð (ekki lyfjum)

**Bifreiðaverkstæðið Brautin:** 7% afsláttur af vinnu

**Bílar og dekk:** 5% afslátt af almennri verkstæðisvinnu, 10% afslátt af dekkjum og 10% afslátt af efni og vinnu við smurþjónustu.

**Dekur snyrtistofa:** 10% afsláttur af allri þjónustu og vörum

**Gallerí Ozone:** 10% afsláttur

**Omnis:** 15% afsláttur af skólavörum, skrifstofuvörum og bleki, 5% afsláttur af tölvum og öðrum vörum

**LH Bókhald:** Lilja Halldórsdóttir viðurkenndur bókari, 15% afsláttur af vinnu við bókhald og skattframtalagerð

**Model:** 5-10% afsláttur af ýmsum vörum, blómum, gólfefnum og tækjum, sjá nánar á [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

**N1:** Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

**Olís:** Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

**Orkan:** Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

**Ormsson:** 5-10% afsláttur af ýmsum vörum

**Rafþjónusta Sigurdórs:** 5% afsláttur af vinnu og 10% afsláttur af efni

**Sigurður Þór Elísson, ökukennari:** 10% afsláttur af ökukennslu til félagsmanna og barna þeirra

**Trésmiðjan Akur:** 7% afsláttur af vinnu

**Tryggingafélagið VÍS:** 5% afsláttur af iðgjöldum óháð öðrum afsláttarkjörum sem félagsmenn kunna að hafa



Verkalýðsfélag Akraness

Sunnubraut 13 • 300 Akranes • Sími 430 9900 • Fax: 430 9901 • [skrifstofa@vlfa.is](mailto:skrifstofa@vlfa.is)




# Verðtryggingin

Þann 29. janúar sl. var verðtryggingarmál VLFA þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, en stjórn og trúnaðarráð félagsins ákvað fyrir í vetur að láta á það reyna fyrir dómstólum hvort verðtrygging standist lög hér á landi eða ekki.

Fjölmarginir einstaklingar og stéttarfélög hafa lagt málinu lið með fjárstyrk, en mikil vinna liggur að baki slíkrí málsókn og var stefnan sem lögð var fram á þriðja tug blaðsíðna. Í stefnunni er vísað til svokallaðra MiFID neytendaverndarreglna ESB en þær voru lögfestar hér á landi árið 2007 með lögum um verðbréfavíðskipti. Samkvæmt þeim er ekki leyfilegt að lána almenningi flókna fjármálagjörninga á borð við afleiður og er það aðalkrafa stefnunnar að verðtrygging á lánnum til einsaklinga falli undir þessar reglur og sé þar af leiðandi ólögleg. Til vara verður látið reyna á það hvort heimilt sé að uppreikna höfuðstól lána samkvæmt neysluvísitölu.

Stjórn og trúnaðarráð VLFA hefur frá árinu 2009 ítrekað lagt fram ályktanir og tillögur þar sem krafist er afnáms verðtryggingar á húsnæðislánum og leiðréttingar vegna þess skelfilega forsendubrests sem heimilin urðu fyrir auk þess að vaxtaþak verði sett á húsnæðislán til heimilanna, en án þess að fá nægan stuðning t.d. á ársfundi ASÍ. Varðhundur verðtryggingarinnar hafa reynt að gera lítið úr þeim vanda sem verðtryggingin skapar íslenskum heimilum, en dæmið hér að neðan sýnir hann ótvírætt.

# Verðlagseftirlit



Stjórn Verkalýðsfélags Akraness ákvað í byrjun febrúar að félagið myndi fylgjast með verðlagi á matvöru og annarri vöru til heimilanna með reglu-bundum hætti. Vinna við þetta verðlagseftirlit VLFA er þegar hafið og fer þannig fram að félagið kaupir fyrirfram ákveðna vörukörfu og staðgreiðir hana á kassa. Enginn ágreiningur er um verð á vörunni, eins og stundum hefur verið í öðrum verðkönnunum, því verðið kemur skýrt fram á strimlinum og verðsamanburður milli tímabila ætti því að vera óumdeilanlegur.

Niðurstöður verðlagseftirlits VLFA verða birtar ársfjórðungslega á heimasíðu VLFA og eru fyrstu niðurstöður væntanlegar nú í maí. Vörunar sem keyptar verða hverju sinni nýtast sumar á skrifstofu félagsins en megnið af vörukörfunni, t.d. hreinlætisvörur, kælivörur og frystivörur eru gefnar til góðgerðarmála og hefur Mæðrastyrksnefnd Vesturlands þegar notið góðs af því sem til féll úr fyrstu vörukörfunni. Er það von stjórnar VLFA að vel verði tekið í þetta framlag félagsins, en taka ber fram að ekki er verið að bera saman verð milli verslana heldur einungis verið að fylgjast með verðlagsþróuninni á svæðinu til lengri tíma lítið.

## Lítið dæmi um bøl verðtryggingarinnar

Ef myndin hér til hliðar prentast nógu greinilega, getur þar að líta greiðsluseðil sem barst skrifstofu félagsins nýverið. Greiðsluseðilinn fékk einstaklingur sem var að kaupa sér hús núna í mars og tók 30 milljóna króna verðtryggt lán. Ársvextir eru 3,75% og fyrsti vaxtadagur var 21. mars síðastliðinn.

Á seðlinum sést að vaxtadagar eru 10 (frá 21. mars til 1. apríl) og eru eins og áður sagði 3,75% og sé því deilt með 360 (bankarnir telja aðeins 360 daga í árinu) og margfaldað með 10 þá eru vextirnir 31.250 fyrir þessa 10 daga. Lántakinn hefur þó væntanlega minnstar áhyggjur af þessum vöxtum því verra er með verðbæturnar sem þarna sjást.

Þær eru reiknaðar þannig að vísitala janúarmánaðar er lögð til grundvallar, hún var 403,3 stig. Í febrúar hækkaði hún í 409,9 stig eða um 1,64%. Verðbætur nema því 1,64% af höfuðstóli lánsins eða sem nemur kr. 490.508 fyrir þennan mánuð.

Það ræður ekkert venjulegt heimili við slíkar afborganir og því eru þessar verðbætur lagðar við höfuðstólinn. Þær koma til greiðslu seinna og á meðan reiknast vextir af þeim. Verðbæturnar eru gerðar að vandamáli framtíðarinnar til að halda afborgunum nútíðarinnar niðri. Það er einmitt gegn þessu sem stjórn og trúnaðarráð hefur barist af hörku síðan 2009. Dæmi nú hver fyrir sig hversu sanngjörn verðtrygging húsnæðislána er.

Landsbankinn		19.4.2013 1	
<b>Rafræn skjöl</b>			
	Landsbankinn Kt. 471008-0280 Sími 410 4000	Kröfuhafi: 471008-0280 Krafa nr: 0280 Greiðandi: Viðskiptanr: Banki/hb: 010666 Textalykill: LM	
		<b>SKULDABRÉF</b>	<b>Gjaldddagi: 01.04.2013</b> <b>Eindagi: 02.04.2013</b>
Lánveitandi:	Landsbankinn líf. Kt. 471008-0280	Gjaldddagi 1 af 480	Annúetis afborgun
Greiðandi:	<del>Þetta er greiðsla</del> <del>á lánnum</del> <del>403,30 stig</del>	Vextir reiknast frá og með 21.03.2013 til gjaldddaga	
		Vaxtatímabil er 10 dagar. Vaxtaþrósentia 3,75%	
		Breyting vísitölu úr 403,30 í 409,90 stig	
<b>Innheimtubríf númer:</b>	<b>16651</b>	<b>GREIÐSLA</b>	
Upphafleg fjárhæð:	30.000.000	Afborgun á nafnverði:	27.008
Uppreiknuð:	30.490.950	Afborgun verðbóta:	442
Útgáfudagur:	13.03.2013	Vextir:	31.250
1. vaxtadagur:	21.03.2013	Verðbætur v/vaxta:	511
Lán verðtryggt með vísitölu neysluverðs á greiðslu		Tilkynningar- og greiðslugjald:	120
Grunnvísitala 403,30 stig		<b>Til greiðslu:</b>	<b>59.331</b>
<b>HÖFUÐSTÓLL</b>			
Eftirstöðvar nafnverðs fyrir greiðslu:	30.000.000	Dráttarvextir reiknast frá og með gjaldddaga	
Afborgun á nafnverði:	-27.008		
	-----	<b>Til greiðslu:</b>	<b>59.331</b>
Eftirstöðvar nafnverðs eftir greiðslu:	29.972.992	<b>VERÐUR SKULDFÆRT</b>	
Áfallnar verðbætur eftir greiðslu:	490.508		
<b>Samtals eftirstöðvar með verðbótum:</b>	<b>30.463.500</b>		
Síðasti greiðsludagur án vanskilgjalds 7.4.2013			



# Hvað gerir félagið fyrir þig?

## ✓ Félagssjóður:

- Gerð og túlkun kjarasamninga • Lögfræðiráðgjöf
- Innheimta vangreiddra launa • Aðstoð við varðveislu áunninna réttinda

## ✓ Sjúkrasjóður:

- Sjúkradagpeningar • Fæðingarstyrkur
- Heilsueflingarstyrkur • Gleraugnastyrkur
- Heyrnartækjastyrkur • Dánarbætur • Styrkur vegna heilsufarsskoðana • Styrkur vegna glasa-, tæknifrjónvagnar eða ættleiðingar • Styrkur vegna meðferðar hjá sálfræðingum • Styrkur vegna göngugreiningar og innleggjakaupa

## ✓ Orlofssjóður:


- Orlofshús, sumar- og vetrarleiga • Veði- og Útilegukort með 50% afslætti • Ódýrari gisting á Fosshótelum og Edduhótelum • Frír aðgangur að tjaldsvæðinu í Svínadal og veiði í vötnunum þremur • Ódýrari ferðir í Hvalfjarðargöng og með Herjólfu • Ferð í boði félagsins fyrir eldri félagsmenn

## ✓ Vinnudeilusjóður:

- Styrkir í verkföllum eða verkbönnum

## ✓ Fræðslusjóður:

- Styrkir vegna náms sem eykur möguleika á vinnumarkaði 75% af kostnaði upp að kr. 60.000 • Meirapróf er styrkt um kr. 100.000 • Tómstundanám er styrkt um 50%, þó aldrei meira en um kr. 20.000



Hefur þú lent í slysi?

Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi, slysi í frítíma eða við aðrar aðstæður getur þú átt rétt á bótageiðslum vegna afleiðinga slyssins.

Jón Haukur og lögmenn Pacta um allt land geta aðstoðað við að sækja réttmætar bætur til bótageiðenda. Hjá PACTA starfa lögmenn sem hafa áralanga reynslu á þessu sviði.

Hafðu samband við okkur, fyrsta viðtal til að skoða málið og kanna réttarstöðu þína er þér að kostnaðarlausu.

Kannaðu rétt þinn til bóta

Jón Haukur Hauksson hdl.  
Kirkjubraut 12 | Akranes  
sími 440 7900 | jonhaukur@pacta.is

**PACTA**  
L Ö G M E N N

www.pacta.is

# Er lífeyrir verðtryggður?

Á ársfundi lífeyrissjóðs Festu sem fram fór þann 23. apríl síðastliðinn lagði stjórn sjóðsins fram tillögu um 4% skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðsfélaga. Þessi tillaga var lögð fram þar sem tryggingafræðileg staða Festu er neikvæð um 7% og vantar sjóðinn 11 milljarða til að geta staðið við sínar framtíðarskuldbindingar. Samkvæmt lögum hefði hallinn þurft að vera undir 5% í lok árs 2012 til að komast mætti hjá skerðingum, en hallinn varð 7% og því er ekki hjá skerðingu áunninna réttinda komist, því lögum samkvæmt má hallinn ekki vera meiri en 5% samfellt í 5 ár. Með þessari 4% skerðingu er hallinn kominn úr 7% í 4,9%.

Varðmenn verðtryggingarinnar hafa haldið því hátt á lofti að lífeyrir launafólks á hinum almenna vinnumarkaði sé verðtryggður og því megi ekki hrófla við verðtryggingunni. Ein spurning hlýtur þó að vakna, hversu verðtryggður er

lífeyrir launafólks þegar stjórn lífeyrissjóðsins leggur til skerðingu á lífeyrisréttindum um 4% sem er nánast það sama og lífeyririnn hefði átt að hækka um á síðustu 12 mánuðum vegna verðtryggingarinnar? Það er alveg ljóst að þessi skerðing þurrkar algerlega út allan þann ávinning sem sjóðsfélagar hefðu mögulega haft af verðtryggingunni og því tæplega hægt að tala um að lífeyrir sé verðtryggður.

Í skýrslu FME frá því í fyrra kemur fram að búið er að skerða réttindi sjóðsfélaga á hinum almenna vinnumarkaði um 130 milljarða og ugglaustr er sú tala mun hærri þegar árið 2012 er tekið með. Stjórn Verkalýðsfélags Akraness hefur margoft fjallað um það að endurskoða þurfi lífeyrissjóðskerfið í heild sinni, velta við öllum steinum og koma með tillögur til úrbóta því í ljósi áður nefndra skerðinga sjóðsfélaga er alveg ljóst að kerfið er ekki að virka sem skyldi.

*Sendum félagsmönnum  
Verkalýðsfélags Akraness  
baráttukveðjur 1. maí*

**BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ**

*Dalbraut 6 • 4311500*

**BLIKKSMÍÐJA GUÐMUNDAR**

*Akursbraut 11 • 4312288*

**BRAUÐVAL**

*Vallholti 5 • 4341413*

**EFLING STÉTTARFÉLAG**

*Sætúni 1 • 5107500*

**GAMLA KAUPFÉLAGIÐ**

*Kirkjubraut 11 • 4314343*

**GÁMAÞJÓNUSTA VESTURLANDS**

*Höfðaseli 15 • 4350000*

**HM PÍPULAGNIR**

*Vesturgötu 119 • 4314666*

**ÍSLANDBANKI**

*Dalbraut 1 • 440 4000*

**OMNIS**

*Dalbraut 1 • 4449901*

**SJÓNGLERIÐ**

*Skólalbraut 25 • 431 1619*

**SPÖLUR**

*Mánabraut 20 • 4315900*

**VERSL. EINAR ÓLAFSSON**

*Skagabraut 9-11 • 431 2015*

## 1. maí á Akranesi

Verkalýðsfélag Akraness,  
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar,  
VR, FIT Félag iðn- og tæknigreina,  
Kennarasamband Íslands og  
Sjúkraliðafélag Íslands

standa fyrir dagskrá á hátíðar- og baráttudegi  
verkafólks 1. maí

Safnast verður saman við **Kirkjubraut 40 kl. 14:00**

og genginn hringur á Neðri-Skaga.

Að göngu lokinni verður hátíðardagskrá  
í sal Verkalýðsfélags Akraness  
á 3. hæð að Kirkjubraut 40.

- Fundarstjóri: Vilhjálmur Birgisson•
- Ræðumaður dagsins: Regína Ásvaldsdóttir•
- Stúkurnar syngja nokkur lög•
- Glæsilegar kaffiveitingar•

Félagsmenn fjölmennið!

*1. maí nefndin*

**ATH! Frítt í bíó fyrir börnin í Bíóhöllinni  
kl. 15:00 í boði stéttarfélaganna**



## TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!


Við óskum starfsfólki Norðurláls og fjölskyldum þeirra til hamingju með 1. maí, alþjóðlegan baráttudag launafólks. Norðurlál á Grundartanga er stærsti vinnustaður Vesturlands. Starfsfólkið okkar hefur allskonar reynslu, menntun, áhugamál og er á öllum aldri. Fjölbreytnin styrkir starfseminu og hefur hjálpað okkur að ná framúrskarandi árangri.

| Hagsýni | Liðsheit | Heilindi

| [nordural.is](http://nordural.is)

NA

NORÐURÁL



Viðskiptavinir  
Landsbankans  
eru ánægðastir

Landsbankinn

[landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)

410 4000



# Við sendum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness baráttukveðjur 1. maí!

